

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi 15. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. 54
2. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

55
3. júní

um

hafnargjöld í Hafnarfirði.

I. KAFLI.

Lestargjald.

1. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hverskonar uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestargjald í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

2. gr.

a.) Allar fleytur, sem heima eiga í Hafnarfirði og minni eru en 30 tonn brúttó, skulu greiða lestargjald tvisvar á ári, 2. jan. og 1. júlí, 1 kr. fyrir hvert nettó tonn, þó aldrei minna en 2 kr. í senn.

Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip, greiða sama gjald, þótt stærri séu en 30 tonn brúttó.

b.) Öll skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, og skip þau, sem getur um í staflið c. þessarar greinar, skulu greiða 20 auru lestargjald fyrir hvert nettó tonn.

c.) Skip, sem leita hafnar vegna illveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi á einhvern hátt, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi einhverjar vörur.

- 55 Sama gildir og um skip, sem leita hafnarinnar til að rétta áttavita, setja
 3. júní á land sjúka menn eða látna eða til að fá skipanir.
 d.) Innland fiskiskip greiða ekkert lestargjald.

II. KAFLI.

Vita- og sæmerkjagjöld.

3. gr.

Öll innland fiskiskip, sem leggja afla sinn á land í Hafnarfirði að stað-aldri og stærri eru en 20 ts. nettó skulu greiða vitagjald tvisvar á ári, 2. jan. og 1. júlí, í hvert sinn 10 kr. af fyrstu 20 tonnum nettó og síðan 15 aura af hverju tonni nettó þar fram yfir. Minni skip greiði ekkert vitagjald.

Öll önnur skip skulu greiða vitagjald í hvert sinn, er þau koma til hafnarinnar, 2 kr. fyrir fyrstu 50 nettó tonninn og 2 aura fyrir hvert nettó tonn þar fram yfir.

Undanþegin vitagjaldi eru þau skip, sem eigi greiða lestargjald samkvæmt b-lið 2. gr.

III. KAFLI.

Hafnsögugjald.

4. gr.

Öll skip, sem eru 30 tonn nettó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka hafnarinnar.

Komi skip oftar á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald, nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

5. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt sérstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina sjálfa.

6. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a.) Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 15 aura á hvert nettó reg. tn., þó aldrei minna en 20 krónur.
- b.) Fyrir leiðsögu frá höfninni hálf gjald, þó aldrei minna en 15 krónur.

c.) Fyrir leiðsögu um höfnina sjálfa, þar á meðal að og frá bryggjum eða hafnaruppfyllingum, greiðast 15 kr. fyrir hvert skip.

55
3. júní

Fyrir leiðsögu skipa frá og til nærliggjandi hafna greiðist sú borgun, er hafnarnefnd ákveður eða innheimtumaður hafnargjaldanna í umboði hennar, og rennur gjald þetta einnig í hafnarsjóð.

Auk þess skal hvert skip, sem hafnsögumann notar til hafnarinnar eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 4. gr., greiða 1 kr. í hafnsögumannsjóð.

IV. KAFLI.

Ýms gjöld.

7. gr.

Fyrir að nota báta hafnarinnar og önnur tæki hennar, skal greiða það gjald, er hafnarnefnd, eða hafnarstjóri í umboði hennar, ákveður í hvert skipti.

8. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, og geymsluhús, sem leigð eru einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður í hvert skipti með sérstökum samningi.

9. gr.

Bryggjugjöld af skipum, sem leggjast við bryggjur einstakra manna eða félaga í höfninni, svo og vörugjöld af vörum, sem fluttar eru um bryggjur þessar, greiðast samkvæmt gjaldskrá, er bæjarstjórn samþykkir.

V. KAFLI.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

10. gr.

Öll gjöld, er umgetur í reglugerð þessari, renna í hafnarsjóð að undanskildum þó þeim gjöldum, er um ræðir í 9. gr. Þau má taka lögtaki. Gjöldin skulu greidd, þegar innheimtumaður hafnargjaldanna krefst þess, áður en skipið fer burt úr höfninni, og getur enginn skipstjóri vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði innheimtumannsins, sanni, að hann hafi greitt gjöld sín samkvæmt reglugerð þessari.

Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir skipunum, unz gjöldin eru greidd.

55

3. júní

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðar.

12. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Með hliðsjón af hafnarbyggingu þeirri, er nú er ákveðin í Hafnarfirði, skal reglugerð þessi endurskoðuð, þegar hafnarmannvirkin gefa tilefni til þess að dómi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

14. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð um hafnsögugjöldin í Hafnarfirði frá 5. nóv. 1920.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 30, 14. júní 1929 til þess að öðlast gildi 15. júní 1930 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.